



Fötlúð börn

Hver er réttur þeirra?

Greinargerð vegna handbókar sem unnin er í samvinnu við  
Öryrkjabandalag Íslands

Helga Linnét og Karen Víðisdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Deild menntunar og margbreytileika



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ



**Fötlud börn**  
**Hver er réttur þeirra?**

*Greinargerð vegna handbókar sem unnin er í samstarfi við Öryrkjabandalag  
Íslands*

Helga Linnet og Karen Víðisdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfufræði

Leiðbeinandi: Guðrún Valgerður Stefánsdóttir

Deild menntunar og margbreytileika

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Mái 2019

Fötlud börn, hver er réttur þeirra?

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs  
í þroskaþjálfraði við Deild menntunar og margbreytileika  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Helga Linnét og Karen Víðisdóttir 2019

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Fötluð börn, hver er réttur þeirra? er lokaverkefni til B.A. gráðu í þroskaþjálfafraeði við Háskóla Íslands. Verkefni þetta er tvíþætt, annars vegar handbók sem unnin var í samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands í þeim tilgangi að veita foreldrum upplýsingar um rétt fatlaðra barna. Upplýsingum úr handbókinni er ætlað að fara á vefsíðu sem verður aðgengileg fyrir foreldra barnanna. Í handbókinni er sjónum beint að rétti barnsins innan leikskóla, grunnskóla, í frístundastarfi og íþróttaiðkun. Hins vegar er um að ræða greinagerð sem fylgir með handbókinni en efnið í henni er byggt á heimildum.

Markmið verkefnisins er að foreldrar fatlaðra barna hafi einn stað sem þau geti leitað á, til að afla sér upplýsinga um réttindi barna sinna og fjölskyldunnar, því oft er mikið álag á fjölskyldunum og því nauðsynlegt að koma til móts við þarfir þeirra og minnka álagið.

Það getur verið framandi fyrir foreldra sem eignast fatlað barn að finna út úr þeim stuðning sem þeir eiga rétt á. Sem betur fer hefur þessi stuðningur aukist til muna í gegnum árin en ljóst er að sá vettvangur getur verið eins og frumskógur fyrir foreldra og þá sem ekki þekkja til mála. Handbókinni er ætlað að auðvelda leit foreldra fatlaðra barna um hvaða réttindum þau eiga rétt á.

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip</b> .....	<b>3</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>6</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>7</b>
<b>1 Bakgrunnur og mannréttindi fatlaðra barna</b> .....	<b>8</b>
1.1 Barnafræði.....	8
1.2 Mannréttindasáttmálar.....	9
1.3 Salamanca og skóli án aðgreiningar.....	11
1.4 Snemmtæk íhlutun.....	15
1.5 Samantekt.....	16
<b>2 Leikskólinn</b> .....	<b>18</b>
2.1 Stuðningur í leikskólum.....	18
2.2 Einstaklingsnámskrár leikskólabarna.....	21
2.3 Sérhæfðir leikskólar.....	22
2.4 Samantekt.....	23
<b>3 Grunnskólinn</b> .....	<b>24</b>
3.1 Sérfræðiþjónusta sveitarfélaganna.....	24
3.2 Einstaklingsnámskrá í grunnskólum.....	26
3.3 Frístundir.....	29
3.4 Íþróttir.....	30
3.5 Samantekt.....	32
<b>4 Samantekt og lokaorð</b> .....	<b>34</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>36</b>
<b>Handbók - Fötluð börn, hver er þeirra réttur?</b> .....	<b>40</b>



## Formáli

Verkefnið er tíu eininga lokaverkefni til B.A. gráðu í þroskaþjálfafraeðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands vorið 2019. Verkefnið var unnið undir leiðsögn Guðrúnar V. Stefánsdóttur prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Henni viljum við þakka góða leiðsögn og gott samstarf. Við viljum þakka Öryrkjabandalagi Íslands fyrir að leyfa okkur að taka þátt í þessu verkefni með þeim og einnig viljum fyrir færa hvor annarri sérstaka þakkir fyrir gott og lærdómsríkt samstarf sem og fjölskyldum okkar sem hafa staðið þétt við bakið á okkur og sýnt óendanlegt umburðarlyndi.

Við höfum kynnt okkur Siðareglur Háskóla Íslands (2003, 7.nóvember) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálfar ábyrgð á því sem sagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur *Siðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálfar ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík, \_\_\_\_ . \_\_\_\_\_ 20\_\_

---



## Inngangur

Yfirleitt eru það gleðitíðindi þegar lítil mannvera lítur dagsins ljós. Þessi nýi einstaklingur hefur miklar breytingar í för með sér. Fjölskylduhlutverkið breytist, nýtt samskiptamynstur þróast og öll venjuleg rútína þarfnast endurskoðunar. Allar væntingar til nýja fjölskyldumeðlimsins breytast svo þegar kemur í ljós að barnið þroskast ekki eins og ætti að gera, en afar misjafnt er hvernig fjölskyldan tekur tíðindunum og oft eru þetta blendnar tilfinningar sem foreldrar upplifa. Sem dæmi um um þessar blendnu tilfinningar er hræðslan um hvernig samfélagið muni taka á móti barninu en með handbókinni er verið að vinna gegn þeim umhverfishindrunum sem felast í skorti á upplýsingum um rétt barna þeirra.

Það sem hvílir oft mest á herðum foreldra fatlaðra barna er hvernig þeim muni ganga þegar þau stíga sín fyrstu skref í skólakerfinu að átta sig á hvaða stuðningsúrræði og réttindi börnin hafa í skólakerfinu getur verið flókið og stórt verkefni fyrir foreldra að átta sig á og mikilvægt í því samhengi að börnin fái tækifæri til að tjá skoðanir sínar um þeirra eigið líf og vilja. Það má aldrei gleyma því að fötluð börn hafa sömu þarfir og önnur börn og hafa þau einnig sinn eigin persónuleika sem birtist í óskum þeirra og hæfileikum.

Skerðing fatlaðra barna getur verið af ýmsum toga og mikilvægt er að geta sérsniðið allan stuðning að þörfum hvers einstaklings fyrir sig. Það er mikilvægt fyrir foreldra að þau fái góðar upplýsingar um þann stuðning sem eru í boði fyrir þau og barnið þeirra. Það eru margir og mismunandi aðilar sem sjá um þjónustu við fötluð börn en sem dæmi um aðila sem sinna þessari þjónustu eru Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, Tryggingastofnun ríkisins, félagsþjónusta og velferðarsvið hvers sveitarfélags. Það er á ábyrgð ráðgjafa og fagfólks sem starfa í miðlægrri þjónustu- og þekkingarmiðstöðvum á þverfaglegum grunni að miðla að þessum upplýsingum áfram til foreldranna eftir greiningu barnsins.

Markmiðið með þessu verkefni er að auðvelda foreldrum fatlaðra barna að leita réttar síns og átta sig á hvaða rétt barnið þeirra á. Í greinargerðinni sem hér fer á eftir eru skoðuð mannréttindi fatlaðra barna og réttur þeirra innan skólakerfisins á Íslandi. Farið verður yfir hvert skólastig fyrir sig. Byrjað er á réttindum þeirra innan leikskólans og þá er sérstaklega einblínt á rétt þeirra á stuðning á skólatíma og nauðsyn þess að fötluð börn hafi einstaklingsnámskrá sem hægt er að vinna eftir. Slíkt hið sama var gert út frá réttindum barnanna innan grunnskólans auk rétt þeirra til frístunda og íþróttaiðkunar.

# 1 Bakgrunnur og mannréttindi fatlaðra barna

Í þessum kafla verður fjallað um mannréttindi fatlaðra barna út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992) og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks nr. 61/2016). Íslendingar eru aðilar að og hafa fullgilt báða þessa samninga. Tilgangur Barnasáttmálans er að tryggja réttindi allra barna en í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks eru greinar sem eru sérlega mikilvægar þegar kemur að réttindum barna og fjölskyldna þeirra. Hér á eftir verður fjallað um þessa tvo sáttmála og með hvaða hætti þeim er ætlað að tryggja réttindi barnanna.

Einnig munum við fjalla um barnafræði sem á sér grunn í félagsfræði bernskunnar, í því skyni að draga fram mikilvægi þess að hlustað sé á raddir barna en í mannréttindasáttmálum er sú áhersla ríkjandi. Að lokum verður farið yfir rétt allra barna til skólagöngu og út frá því verður skoðuð Salamanca yfirlýsingin sem er upphaf skóla án aðgreiningar og mikilvægi þess að fara eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar í starfi með fötluðum börnum.

## 1.1 Barnafræði

Töluverð þróun hefur verið á kenningum og rannsóknum á barnæskunni undanfarin ár. Mesta eftirtektin hefur verið á svonefndri „nýju félagsfræði barnæskunnar“ og er hún talin mikilvægasta framlagið til nýs skilnings á barnæskunni. Áherslur voru á fyrri nálgunum á að kanna barnæskuna frá sjónarhorni sálfræðinnar sem þá beindust helst á þroskaferli barna og félagsmótun þeirra og reynt að skilja hvernig börnin verða að fullorðnum einstaklingum. Þessi skilningur hefur átt það til að vera þröngur, klínískur og einstaklingsbundinn. Með hinni nýju félagsfræði barnæskunnar er lagt áhersla á að skilja tilfinningar barnanna sjálfra sem og reynslu með áherslum á réttindi barnanna. Horft hefur verið á það hvernig fullorðnir stýra og stjórna daglegu atferli fatlaðra barna (Rannveig Traustadóttir, 2007).

Barnafræði urðu að sérstöku fræðisviði þegar líða tók á síðustu öld og er hennar helsta inntak, þverfaglegar rannsóknir þar sem dregið er fram mikilvægi þess að börn tjái sig um eigið líf og málefni sem hafa með þau að gera og að sjónarmið þeirra verði í auknum mæli höfð að leiðarljósi (James og Prout, 1990; Punch, 2016). Eins leggur Punch (2016) til að kenningar og hugtök barnafræðanna verði í auknum mæli höfð að leiðarljósi til stefnumótunar og aðgerða í þágu allra barna. Hér á eftir er sjónum beint að barnafræði sem eiga sér rætur í félagsfræði barnæskunnar.

Það hafa orðið breytingar í rannsóknum á börnum og má þá helst nefna breytingar innan barnafræðinnar. Í stað eldri rannsókna sem gerðar voru á börnum lögðu fræðimenn meiri áherslu á rannsóknir með börnum, þar sem álit og reynsla þeirra fengi að njóta sín. Í þeim sjónarhornum sem höfð voru til grundvallar í eldri rannsóknum var skilningur á æsku barna byggður á sálfræði sem beindi aðallega athyglinni að þroska barna og þróun á félagsmótun þeirra. Þessi hugmyndafræði var yfirleitt þröng, einstaklingsbundin og læknisfræðileg. Með barnafræðinni er þessum hugmyndum ögrað og leitast við að draga fram raddir barna, reynslu þeirra og líðan til að móta vinnubrögð og stefnu í þjónustu við fötluð börn. Með þessu er verið að draga úr því viðhorfi að fötluð börn séu hluti af kerfinu og viðföng læknisfræðilegrar íhlutunar. Í staðinn er litið á börn sem virka þegna í samfélaginu sem ættu að vera í stöðugum samskiptum við þjónustukerfið, jafnaldra sína og fullorðna (Rannveig Traustadóttir, 2009). Í barnafræði, svipað og í fræðigreinininni fötlunarfræði, er félagslegur skilningur á fötlun lagður til grundvallar þar sem munur er gerður á skerðingu og fötlun. Litið er svo á að fötlun verði vegna hindrana í umhverfinu eins og til dæmis skortur á stuðningi, neikvæð viðhorf, skortur á menntun o.s.frv. Vandamál barnsins og fjölskyldunnar eru því ekki rakin fyrst og fremst til skerðinga einstaklingsins heldur manngerðra hindrana í umhverfinu (Rannveig Traustadóttir, 2009) Rannsóknir hafa líka bent til þess að fötluð börn upplifa oft sektarkennd vegna þeirra samfélagslegu viðhorfa sem felast í að litið er á þau sem harmleik foreldra sinna og fjölskyldu (Rannveig Traustadóttir, 2009).

Með nýrri nálgun á félagsfræði barnæskunnar og barnafræðinnar hefur sjónum verið beint að stefnumótandi þjónustu fyrir fötluð börn í stað þess að líta á fötluð börn sem viðfangsefni velferðarþjónustunnar og klínískra inngripa. Athyglin er dregin að því að skoða og skilja einstaklingana og aðstoða þau að eiga í samskiptum við jafningja, fullorðna og þjónustukerfið. Með þessari nýju nálgun er verið að valdefla einstaklinginn til þess að vera sinn eigin talsmaður (Rannveig Traustadóttir, 2007).

## **1.2 Mannréttindasáttmálar**

Barnasáttmálinn og barnafræðin eiga rætur í sömu hugmyndafræði og hefur Barnasáttmálinn verið samþykktur af öllum löndum nema Bandaríkjunum. Barnasáttmálinn nær í anda barnafræðinnar til allra barna sem eru innan aðildaríkja samningsins og veitir þeim vernd og viðurkenningu á álitum þeirra og sjálfstæði, alveg óháð réttindum fullorðinna (Smyth, 2014; Tisdall og Punch, 2012). Börn eru afar viðkvæmur þjóðfélagshópur en með þessum samningi er verið að tryggja aukna vernd og stuðning í ýmsum alþjóðlegum mannréttindasamningum.

Frá því í hinni svokölluðu Genfaryfirlýsingu Þjóðabandalagsins frá árinu 1924 hefur sérstaða barna verið viðurkennd. Þessi stefnuyfirlýsing er byggð á alþjóðasamtökum Barnaheilla, Save the Children og í henni mátti finna ýmsar reglur byggðar á grundvallarreglum um vernd og umönnun barna. Í seinni heimstyrjöldinni jókst orðræðan um þá nauðsyn að tryggja þyrfti börnum aukna vernd þau þau urðu fyrir grófum mannréttabrotum á þessum tíma. Árið 1959 var svo sérstök yfirlýsing um réttindi barnsins samþykkt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna en hún byggist að miklu leyti á yfirlýsingu Þjóðabandalagsins. Árið 1992 var Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna fullgiltur fyrir Íslands hönd. Með þessari fullgildingu er Ísland skuldbundið að þjóðarétti til að virða og uppfylla ákvæði sáttmálans. Lögfesting á Barnasáttmálanum var svo hér á landi 20. febrúar 2013 og er því hluti af íslenskri löggjöf í dag (barnasattmali.is, e.d.).

Megin inntaki Barnasáttmálans má skipta í þrjá flokka en þeir eru; vernd, umönnun og þátttaka. Í sáttmálanum er skýrt kveðið á um vernd tiltekinna grundvallarmannréttinda barna sem eru til dæmis réttur til lífs, friðhelgi fjölskyldunnar, einkalífs, tjáningar og trúfrelsis. Aðildarríkin bera þá skyldu að tryggja velferð barna meðal annars á sviði menntamála, heilbrigðismála og félagsmála. Barnasáttmálanum er gert að tryggja börnum rétt til þess að tjá sínar skoðanir á þeim málum sem þau varða með einum eða öðrum hætti en taka þarf tillit til aldur þeirra og þroska. Samkvæmt sáttmálanum eiga börn að njóta sömu mannréttinda og fullorðnir að undanskildu stjórnmalalegra réttinda sem má réttlæta vegna þroska- og reynsluleysis barnsins (barnasattmali.is, e.d.).

Þrátt fyrir mannréttindi barna og rétt þeirra til að vera gerendur í eigin lífi eru foreldrar barnanna samt sem áður mikilvægur hlekkur í því að veita börnum sínum umhverfi til vaxtar og velfarnaðar og því eru þeir með mestu þekkinguna á lífi og aðstæðum barna sinna. Þjónustu við fötluð börn þarf því að móta í samstarfi við foreldra og börnin sjálf þar sem byggt er á reynslu, sýn og skoðunum barnanna sjálfra og foreldranna. Í 7.gr. Barnasáttmálans er athyglinni einmitt beint að því að fötluðum börnum skuli vera tryggð mannfrelsi og full mannréttindi jafnt á við önnur ófötluð börn. Ganga á út frá því hvað er barninu fyrir bestu hverju sinni og þar með setja rétt barnsins frammar skoðunum foreldranna eða hentugleika þjónustukerfa og stjórnvalda ef slíkar aðstæður koma upp (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992).

Auk Barnasáttmálans gegnir samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks mikilvægu hlutverki í að tryggja mannréttindi fatlaðra barna. Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna var undirritaður þann 30. Mars 2007 og síðar fullgildur hér á landi þann 20. september 2016.

Megin markmið samningsins eru að tryggja og verja full og jöfn mannréttindi sem og efla. Í þessum samningi eru aðildarríkin skyldug til að fötluðum einstaklingum sé tryggður réttur til að tjá sig um öll þau mál er þau varða og þeirra skoðanir og sjónarmið vegi jafn þungt á við aðra ófatlaða einstaklinga. Það ríkir því bann við mismunun af hvaða tagi sem er (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks nr. 61/2016).

Í samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks stendur að fatlað fólk eigi rétt á menntun án aðgreiningar. Þar segir að aðildarríkin viðurkenni rétt fatlaðs fólks til menntunar, án allrar mismununar og að allir hafi jöfn tækifæri. Allt fatlað fólk hefur rétt á því að vera virkir þátttakendur í frjálsum þjóðfélagi. Mannleg geta hvers og eins sé metin til fulls og aukin virðing sé fyrir mannfrelsi, mannréttindum og mannlegri fjölbreytni. Að allt fatlað fólk geti fullþroskað persónuleika sinn, hæfikeika og mannlega fjölbreytni (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks nr. 61/2016).

### **1.3 Salamanca og skóli án aðgreiningar**

Eins og fram kemur bæði í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og Barnasáttmálanum eiga fötluð börn rétt á menntun án aðgreiningar á öllum skólastigum. En mikilvæg tímamót um menntun fatlaðra barna og skóla án aðgreiningar kom með Salamanca yfirlýsingunni en með henni urðu þau tímamót hvað varðar skóla án aðgreiningar.

Í Salamanca á Spáni komu saman fulltrúar 92 ríkisstjórna og 25 alþjóðlegra samtaka saman árið 1994 á ráðstefnu um menntun nemenda með sérþarfir. Á þeirri ráðstefnu var samþykkt sú yfirlýsing um stefnu, framkvæmd og grundvöll í málefnum nemenda með sérþarfir.

Skuldbindingar um markmið um menntun öllum til handa var staðfest. Viðurkennt var að mikil nauðsyn væri að veita börnum, ungmennum og fullorðnum með sérþarfir stuðning á sviði menntunar innan hins almenna skólakerfis. Aðilar tóku undir áætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir væru nauðsynlegar og var þess vænst að ríki og stofnanir hefðu að leiðarljósi þann boðskap sem fólst í hennar ákvæðum og tillögum. Ísland var eitt þeirra ríkja sem stóðu að Salamanca yfirlýsingunni og er þessi lýsing ætluð til að leiðbeina okkur um menntun nemenda með sérþarfir (Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Atli Harðarson, 2016).

Í 2. gr. yfirlýsingarinnar kemur fram að hinir almennu skólar eru eitt besta aflið til að breyta hugarfari um mismunun, gera umhverfið móttækilegt þannig að það taki á móti

fötluðum einstaklingum með opnum örmum, , gera þjóðfélag án aðgreiningar og sjá til þess að allir fái menntun (Dóra S. Bjarnason o.fl., 2016).

Megin áhersla Salamanca yfirlýsingarinnar er að nauðsynlegt er að taka mið af fjölbreytileika nemanda og einstaklingsþörfum þeirra. Þar kemur fram að þegar kemur að lærdómi, þá á einstaklingur með sérþarfir rétt á að stunda almennan skóla og ber skólanum að mæta þeim þörfum sem einstaklingurinn þarfnast með þeim kennsluaðferðum sem henta hverjum og einum (Dóra S. Bjarnason o.fl., 2016).

Þegar talað er um skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda, þar sem hægt er að koma til móts við námslegar þarfir sem og félagslegar þarfir hvers og eins með lýðræði, manngildi og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Þar er gengið út frá að allir séu jafnir eða fái jöfn tækifæri til náms og að hver og einn fái námsefni við sitt hæfi. Fjölbreytileikinn og mismunandi þörfum er borin virðing fyrir sem og hæfileikum sem og einkennum hvers og eins. Áhersla er lögð á að útrýma öllum gerðum mismununar og aðgreiningar í skólum. Í skóla án aðgreiningar snúa viðhorfin að rétti og virðingu allra nemenda til virkrar þátttöku innan skólastarfsins óháð stöðu eða atgervi. Þessi hugmyndafræði í íslenskum skólum felur í sér alhliða þátttöku, hlutdeild og aðgengi allra nemenda í skólastarfinu (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, 2.gr).

Sveitarfélög eiga að sjá til þess að öll skólaskyld börn, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu eða eru vistuð hjá fósturforeldrum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, fái viðeigandi stuðning innan skólans vegna þeirra sérþarfa sem þeir eru metnir með. Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika eru þeir sem teljast með sérþarfir sem og nemendur með fötlun, leshömlun, langveikir eða með þroskahömlun, geðraskanir og aðra heilsutengda fötlun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015).

Í grunnskólalögum kemur einnig fram að markmiðið með starfsháttum, námi og kennslu í grunnskólum sé að koma í veg fyrir mismunun vegna, búsetu, kynhneigðar, kyns, stéttar, uppruna, heilsufars, trúarbragða, fötlunar eða stöðu að öðru leyti. Og að það eigi að taka mið af hæfileikum, getu, persónugerð, áhugasviðs og þroska hvers og eins (Einhverfusamtökin, e.d.). Velferðarráðuneytið, sveitarfélögin og skólar þurfa að vinna að því að barn án sem ekki er með formlega greiningu geti fengið viðeigandi stuðning í skóla. Mikilvægt er að tryggja þjónustu- og meðferðarúrræði fyrir börn með greiningar. Skólar þurfa að stuðla að aukinni

þátttöku allra nemenda í skólastarfi og í félagslegum samskiptum, án tillits til fötlunar eða annarrar annmarka (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015).

Árið 2015 leituðu fulltrúar Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til Evrópumíðstöðvarinnar til að hefja úttekt á hvernig staðan væri á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar hér á landi. Evrópumíðstöðin er sjálfstæð stofnun þrjátíu Evrópuríkja sem eiga samstarf um þau málefni sem koma að menntun án aðgreiningar og sérþörfum í námi. Tilgangur Evrópumíðstöðvarinnar er að vinna að breytingum og umbótum á framkvæmd og stefnu menntamála fyrir nemendur með fötlun og sérþarfir í námi.

Útektin leiddi í ljós að nemendur með sérþarfir í námi voru rúmlega 16% allra grunnskólanema (6955 nemendur) og flestir þeirra voru í almenna bekkjarkerfinu eða um 15% (6407 nemendur) en einungis tæpleg 1% (405 nemendur) stundaði nám í sérdeildum og tæp 0,3% (143 nemendur) í sérskólum. (Evrópumíðstöð, 2017).

Þessar tölur sýna að þó hlutfallslega séu hópur þeirra sem stundar nám við sérdeildir eða í sérskólum, árið 2017, ekki hátt þá eru engu að síður yfir 550 nemendur með sérþarfir í námi sem eru ekki hluti af almennu bekkjarkerfi án aðgreiningar. Ef litið er til samskonar dæma frá árunum 2005-12 þá fækkaði nemendum á grunnskólaaldri en að sama skapi fjölgaði þeim nemendum sem þurftum á sérkennslu og/eða stuðningi í námi að halda. Árið 2012 voru það rúmlega fjórðungur barna í grunnskóla sem þurfti sérkennslu og stuðning til náms og þar af voru 63% þeirra með formlega greiningu. Samkvæmt athugunum voru tvöfalt fleiri drengir sem nutu sérkennslu en stúlkur (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015).

Árið 2005 voru 44.336 nemendur í grunnskólum á Íslandi, árið 2012 voru það 42.320 og árið 2017 voru þeir 45.195 samkvæmt Hagstofu Íslands. Á þessu tímabili 2012-2017 lækkaði þessi stuðningsþörf um 10% og er því komin niður í rúmlega 16% eins og áður var nefnt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Hvað ætli valdi þessu? Er verið að slaka á kröfunum eða er samfélagið að jafna út einhvern mun sem verður til þess að meira þol skapast fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með námið? Eða varð þessi innleiðing á skóli án aðgreiningar fyrst til þess að börnin urðu aðgreind?

Í skýrslu Mennta- og menningarmálaráðuneytis (2015) kemur fram að jákvætt er litið á hugmyndafræðina um skóla án aðgreiningar en almennt er talið það erfitt að framfylgja þessari stefnu um skóla án aðgreiningar. Stefnan er talin hafa valdið verulegum breytingum á skólastarfi þar sem hún felur í sér aukin kostnað, meiri sérþekkingu, meiri faglegan stuðning og aukið svigrúm til kennara varðandi vinnutíma. Einnig er komið inn á að þörf sé á frekari umræðu um stefnuna og hvað hún, í raun og veru, þýði og hvað þarf til að framkvæma hana.

Það þarf jafnframt að auka eftirlit með skólastarfi sem og efla rannsóknarstörf, og endurskoða starfshætti og stuðning við kennara og huga að inntaki menntunar þeirra og starfsþróunar. Einnig þarf að tryggja samræmd vinnu sem og auðvelda aðgengi að sérhæfðum úrræðum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015).

Skýrsluhöfundar telja að innleiðing á skóla án aðgreiningar hafi hvorki verið skilgreind nægilega vel, né með viðunandi skipulögðum hætti hér á landi eða metin hvað kostnað varðar sem skyldi og því erfitt sé að binda mat á árangur (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015).

Margir af þeim sem var rætt við í tengslum við úttektina fannst skorta almennar umræður í skólasamfélaginu um merkinguna á bakvið menntun án aðgreiningar og hversu mikilvæg hún væri með hliðsjón af íslenskum aðstæðum. Þeir upplifa að það sé ekkert samkomulag um það hvaða merkingu beri að leggja í helstu hugtök sem liggja til grundvallar starfi í skóla án aðgreiningar og að það hafi borið á eldri hugmyndum og vinnubrögðum. Starfsfólki finnst að dagleg störf þeirra miðist ekki að öllu leyti við stefnu sveitarfélaganna um menntun án aðgreiningar og að stefnan sem unnið er eftir núna veiti ekki skólum nægilegan stuðning við uppbyggingu skólastarfs án aðgreiningar. Þau telja samt að þau sinni starfi sínu eins vel og mögulegt er en framkvæmd skólastarfs án aðgreiningar sé þó varla möguleiki og því ekki hægt að bjóða öllum þeim nemendum, sem á því þurfa að halda, einstaklingsmiðað nám (Evrópumiðstöð, 2017).

Skólastarf án aðgreiningar er talið vera, fyrst og fremst fyrir nemendur sem hafa fengið greiningu á fötlun eða þroskaröskun og þurfi á sérstökum stuðningi að halda. Það er upplifun starfsfólks skóla að til að fá þjónustu eða aðstoð í námi þurfi barnið að vera með læknisfræðilega greiningu og eins og staðan er í dag þá fá skólar fjármagn fyrir séraðstoð út frá fjölda barna með greiningar og sú stefna ýti undir þetta viðhorf. Almenn tölðu flestir sem rætt var við að ekki kæmi nægilega skýrt fram í menntastefnu ríkis, sveitarfélaga og skóla að markmiðið að baki menntunar án aðgreiningar væri að virkja alla nemendur til þátttöku og efla áhuga þeirra á námi (Evrópumiðstöð, 2017).

Ekki má samt sofna á verðinum. Öll börn þurfa að fá verkefni við sitt hæfi og þarf því að vera vakandi fyrir því að beita íhlutunar verði vart við þroskafrávik eða ef þroskaframvindan er ekki eins og hún ætti að vera.



## 1.4 Snemmtæk íhlutun

Hugtakið snemmtæk íhlutun (*e. early intervention*) hefur oft reynst erfitt að þýða, en með því að þýða það frá frummálinu virðist sem að merkingin á bakvið það komist betur til skila. Það getur þó reynst betur að þýða merkingu þess í tveimur hlutum en fyrri hlutinn vísar til þess sem gerist snemma á lífsleiðinni á meðan það seinna vísar til inngripa eða aðgerða af einhverjum toga. Er því hægt að segja að hugtakið snemmtæk íhlutun sé aðgerðir sem eiga sér stað snemma í lífi barnsins. En að baki þessarar íhlutunar býr hugmyndafræði sem á sér langa sögu. Hefð hefur skapast hér á landi að vinna eftir snemmtækri íhlutun í starfi með börnum (Tryggvi Sigurðsson, 2003).

Með snemmtækri íhlutun er leitast við að nota markvissar aðgerðir eins snemma og hægt er til að hafa áhrif á þroskaframvindu hjá börnum með frávík í þroska. Miðað er við að íhlutunin fari fram á aldrinum sex mánaða til sex ára og getur hún hafist hvenær sem er á því tímabili en þó er lögð áhersla á að byrja sem fyrst eftir að barnið hefur verið greint með frávík í þroska. Ef barnið er með alvarlegt frávík í þroska eru töluvert meiri líkur á að íhlutunin hefjist fyrr og einnig þegar vitað er til dæmis, að barnið er ekki að þroskast eðlilega á meðgöngu og vitað er um alvarleg þroskafrávík í ættinni. Einnig geta félagslegar aðstæður haft áhrif á hversu snemma íhlutun hefst (Tryggvi Sigurðsson, 2003).

Það er mikilvægt að foreldrar séu hafðir með í öllu ferlinu í snemmtækri íhlutun og að þau fái einnig fræðslu og stuðning til að geta stutt við barnið í tengslum við íhlutunina (Hrönn Björnsdóttir, 2008). Ekki er síður mikilvægt þegar barn fæðist með fötlun að huga að fjölskyldu barnsins, því rannsóknir hafa sýnt fram á að oft hafa fjölskylduhagir áhrif á hegðun barnsins og þroskaferli þess. Einnig gengur það í hina áttina að það að eignast fatlað barn hefur einnig áhrif á fjölskylduna og veldur auknu álagi (Jóna G. Ingólfssdóttir, 2008). Þegar unnið er með snemmtæka íhlutun er því mikil áhersla lögð á fjölskyldumiðaða þjónustu og eru þá óskir, aðstæður og væntingar fjölskyldunnar þá hafðar með í skipulagi íhlutunarinnar. Það hefur líka sýnt sig í rannsóknum að með því að halda þessu góða samstarfi eflast fjölskyldurnar í að takast á við dagleg verkefni. Þar má til dæmis nefna að foreldrar eru mun öruggari og þá betur tilbúnir að leita réttar síns og barnsins og fá þannig þá aðstoð sem þau eiga rétt á. Foreldrarnir hafa einnig mun bjartari sýn til framtíðarinnar og eru jákvæðari gagnvart því fagfólki sem koma að málum barnsins þeirra (Jóna G. Ingólfssdóttir, 2008).

En ef við skoðum aðeins betur hvaðan snemmtæk íhlutun á uppruna sinn þá á hugmyndafræðin upptök sín í Bandaríkjunum. Þar hefur mesta þróunin í fræðilegum rannsóknum átt sér stað sem og klínískt starf með ungum börnum með þroskafrávík og

foreldrum þeirra. Bandaríska menntamálaráðuneytið skilgreinir snemmtæka íhlutun á þennan veg:

- Snemmtæk íhlutun er fyrir börn undir sex ára aldri sem greinst hafa með fötlun, eru í áhættu vegna fötlunar eða annarra erfiðleika sem geta haft áhrif á þroska þeirra.
- Snemmtæk íhlutun er að sjá þessum börnum og foreldrum fyrir þjónustu með því markmiði að minnka áhrif þroskavandamála.
- Snemmtæk íhlutun getur verið fyrirbyggjandi eða jafnvel lækandi. Það er að segja hún getur beinst að vandamálum sem eru til staðar eða komið í veg fyrir þau.
- Snemmtæk íhlutun getur beinst aðeins að barninu sjálfu eða barninu og fjölskyldunni saman.
- Snemmtæk íhlutun getur farið fram á heimili fjölskyldunnar, stofnun, spítala eða í blöndu af öllum þessum stöðum.
- Snemmtæk íhlutun getur hafist alveg frá fæðingu barnsins fram á skólaaldur og nær þjónustan frá frumgreiningu til greiningar og beinnar íhlutunar. Það eru þó mörg rök fyrir því að hefja íhlutunina eins snemma og hægt er (Tryggvi Sigurðsson, 2003).

Með þessari skilgreiningu er hægt að sjá hversu fjölbreytt og margbreytileg snemmtæk íhlutun er og hvað hún nær til margra þátta. Þjónustan getur þó verið mismunandi og tekur hún mið af eðli þroskafrávikanna, aldri barnsins, félagslegum aðstæðum og þjónustustiginu á því svæði sem fjölskyldan býr (Tryggvi Sigurðsson, 2003).

## 1.5 Samantekt

Ekki er langt síðan að foreldravaldið var nær algilt og börn fengu lítið að segja um umhverfið sitt og samfélag. Það hafa orðið miklar breytingar þar á en í dag er lítið á börn sem virka gerendur í lífi sínu. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og barnafræði ítreka þessa sýn og að börn hafa sterka rödd sem ber að virða. Þegar kemur að fötluðum börnum þarf að tryggja mannfrelsi og full mannréttindi. Réttur barnsins er það sterkur að hann gengur framur skoðunum foreldranna.

Í kaflanum kom fram mikilvægi þess að þegar um þroskafrávik barns er að ræða fái foreldrar og barn stuðning eins fljótt og auðið er. Bæði varðandi þá þjónustu sem þeir eiga rétt á og eigi sér tengilið sem þau geti leitað til varðandi spurningar og vafamál sem koma upp. Það er mikilvægt að grípa til markvissra aðgerða sem fyrst en huga þarf að mörgum þáttum og

samstarf fagaðila og foreldra er nauðsynlegt til að markmiðin náist. Þetta nefnist snemmtæk íhlutun þegar markmiðin eru skýr en stundum er nóg að vinna með þroskandi umhverfi séu frávikin vægari. Þetta byggist allt á mati fagaðila hverju sinni.

## 2 Leikskólinn

Það eru gerðar sífellt meiri kröfur til menntunar í leikskólum en áður. Á stuttum tíma hefur leikskólinn breyst úr því að vera umönnunarstofnun yfir í að vera fyrsta skólastigið. Leikskólar leita sífellt leiða til þess að þróa starfsemi sína og fylgja þeim straumum og kröfum sem gerðar eru til hans. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldskóla á grundvelli laga um viðkomandi skólastig. Aðalnámskrá leikskóla er gerð á grundvelli 13. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Aðalnámskrá er reglugerð og í henni má sjá útfærslur laga og reglna sem leikskólanum er skylt að fara eftir. Þær segja til um fyrirkomulag og markmið skólastarfs, kennsluskipan og viðmið um námsframvindu og námskröfur. Allir leikskólar eru skyldugir til að gefa út skólanámskrá. Með aðalnámskrá er ætlunin að samræma menntun, uppeldi og umönnun leikskólabarna. Eins er þetta leið til að sjá til þess að jafnrétti barna til menntunar sé á fyrsta skólastiginu sem leikskólinn er. Aðalnámskrá leikskóla stjórnþæki til að fylgja eftir þeim lögum og ákvæðum sem fræðsluyfirvöld um menntastefnu gefa út og er því safn sameiginlegra markmiða leikskólastarfs (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.). Í þessum kafla verður fjallað um réttindi fatlaðra barna innan leikskólans. En skóli án aðgreiningar er stefna samkvæmt lögum og á sú stefna alveg eins við leikskólann eins og önnur skólastig, og ber honum að veita börnum allan þann stuðning sem þau þurfa til að geta sótt leikskólann óháð fötlunar þeirra.

### 2.1 Stuðningur í leikskólum

Eins og komið hefur fram er skóli án aðgreiningar er opinber skólastefna á Íslandi og á það alveg jafn mikið við leikskólann eins og önnur skólastig. Þegar talað er um skóla án aðgreiningar er átt við að öll börn eiga rétt á að sækja leikskóla án tillits til líkamlegs eða andlegs gervis þeirra (Lög um grunnskóla (nr. 91/2008)). Samkvæmt umboðsmanni barna ber leikskólanum að nýta snemmtæka íhlutun og þá aðferðarfræði sem hún byggir á, en með því að styðjast við hana er hægt að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum ýmissa þroska frávíka. Þjónusta við fötluð börn er veitt samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008), lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018) og barnalögum (nr. 76/2003). Hugmyndafræðin er leikskóli án aðgreiningar og snemmtækrar íhlutunar (Umboðsmaður barna, 2014).

Í frumvarpi til leikskólalaga (nr.321/135) kemur fram í 2.gr. athugasemd um markmið leikskólastarfs þar sem mikilvægi þess að starfsfólk leikskóla fylgist með og yti undir þroska

barna og grípi strax til viðeigandi aðgerða ef þess er talin þörf þannig að öll börn fái að njóta sín sem mest miðað við þroska og þarfir hvers og eins (Umboðsmaður barna, 2014). En með þessu frumvarpi er verið að ítreka það mikilvæga hlutverk sem stuðningur starfsfólks er börnum innan leikskólans.

Í VIII. kafla leikskólalaga (nr.90/2008) er komið inná hvernig skipulag sérfræðipjónustu og stoðkerfis leikskóla eigi að fara fram. Í hverju sveitarfélagi á að vera rekin sérfræðipjónusta fyrir leikskóla, í þeirri þjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólks þeirra. Hvert sveitarfélag fyrir sig ákveður fyrirkomulag sérfræðipjónustunnar en sveitarfélögin þurfa að reyna eftir bestu getu að sjá til þess að þjónustan geti farið fram innan leikskólanna. Þeir sem sjá um að sækja um þessa þjónustu fyrir börnin eru leikskólastjóri eða sérkennslustjóri, þeir sækja um þessa stuðningstíma að vori með rökstuðningi og með hliðsjón af fimm viðmiðunarflokkum. Í sumum tilvikum þegar barn þarf stöðugan stuðning, stærsta hluta dvalartíma síns, getur sérkennslufulltrúi í samráði við leikskólafulltrúa úthlutað því barni fleiri tímum en flokkunarkerfið segir um (Lög um leikskóla nr. 90/2008).

Þau börn sem eru með fötlun, tilfinningalega eða félagslega erfiðleika eða þau börn sem þurfa auka aðstoð eiga rétt á stuðningi innan leikskólans sem sérfræðingar sjá um að skipuleggja (Reykjavíkurborg, e.d.-c). Það er misjafnt hversu miklum stuðningi börnin eiga rétt á og aðeins misjafnt eftir sveitarfélögum hvernig stuðningnum er ráðstafað. En stærstu bæjarfélögin á Íslandi, Reykjavík og Kópavogur fara eftir fimm flokkum þegar þeir eru að úthluta fjármagni til leikskólanna fyrir stuðning. Flokkarnir skiptast þannig:

**1.flokkur:** Þau börn sem þurfa á mjög mikilli aðstoð að halda í daglegu lífi vegna til að mynda alvarlegrar og miðlungs þroskahömlunar (<50), fjölfötlunar, verulegrar hreyfihömlunar, blindu eða heyrnaleyfis, verulegrar tengslaskerðingar og alvarlega langveik börn. Tímafjöldinn sem þessi börn fá eru fjórir til níu tímar á dag. Fullur stuðningur yrði þá sex tímar miðað við átta tíma vistun. Ef talið er að barnið sé frávik frá þessari reglu og þurfi fleiri tíma þarf að senda inn beiðni með rökstuðningi, byggðum á mati í samvinnu við ráðgjafa á velferðarsviði eða menntasviði.

**2.flokkur:** Þau börn sem þurfa reglulega á aðstoð að halda og íhlutun til að mynda vegna hreyfihömlunar, vægrar þroskahömlunar (51-70), verulegrar sjón- og heyrnaskerðingar, málhömlunar (<70), vægrar tengslaskerðingar og langveik börn sem þurfa verulega umönnun. Börn sem eru í þessum flokki eru að fá um það bil tvo til sex tíma á dag þar sem fullur

stuðningur verður fjórir tímar miðað við átta tíma vistun. Tímar sem eru í öðrum flokki þarf að endurskoða á sex mánaða fresti (Reykjavíkurborg, 2011).

**3.flokkur:** Börn sem eru með alvarlegan athyglisbrest, ADHD, tilfinninga- og félagslega erfiðleika, einbeitingarskort, hvatvísi eða ofvirkni. Einnig þau börn sem þurfa töluverða aðstoða eða örvun vegna til að mynda vægrar þroskaröskunar eða annarra þroskafrávika.

**4.flokkur:** Börn sem vegna málhömlunar, tvítyngis eða félags- og tilfinningalegra erfiðleika þurfa á aðstoð að halda.

**5.flokkur:** Þegar það þarf tímabundna aðstoð við leikskóla eða deild vegna fjölda barna af erlendum uppruna, mjög erfiðrar samsetningar barnahóps, fárra faglærðra starfsmanna eða fjölda barna sem þurfa á auka aðstoð að halda. Úthlutun á þessum tímum er gerð í samráði við deildarstjóra leikskóladeildar (Kópavogsbær, 2016).

Framkvæmd þessarar þjónustu byggist á því að börn þurfa að vera búin að fá greiningu hjá viðurkenndum greiningaraðila til að fá sérstaka aðstoð og þjálfun. En þó eru farnar að vera undantekningar en vitað er til þess að Kópavogsbær og Garðabær er byrjaður að þjónusta öll börn sem þess þurfa þrátt fyrir að greining liggi ekki fyrir. Þjónustan skal svo fara fram undir stjórn sérfræðinga samkvæmt því sem leikskólastjóri og sérfræðiþjónusta ákveða og í samráði við foreldra. Einnig skulu vera sérfræðingar í leikskólamállum hjá hverju sveitarfélagi sem veita leikskólum ráðgjöf sem og stuðning við nýbreytni og skólaþróun. Einnig sinna þeir eftirliti með starfsemi leikskólanna. Gera þarf ráð fyrir að þjónustan sem er veitt börnunum sé byggð á þeim þörfum sem hver og einn einstaklingur þarf hverju sinni og getur því aðstoðin og þjálfunin verið af ýmsum toga og fer hún eftir því um hvaða sérþarfir er að ræða í hverju tilfelli. Þar af leiðandi geta ýmsir sérfræðingar aðrir en leikskólakennarar átt hlut í að aðstoða og þjálfu börnin. Krafa um nærþjónustu er alltaf að aukast, það er að segja að öll sú þjónusta sem börnin þurfa fari fram innan leikskólans. Það geta þó verið ákveðnar hindranir fólgnar í því eins og til dæmis að aðstaða inna leikskólanna er ekki alltaf fyrir hendi og eru því leikskólarnir ekki alltaf færir um að sinna þessari nærþjónustu (Umboðsmaður barna, 2014).

Í reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum (nr. 584/2010) kemur fram að foreldrar nemenda í leik- og grunnskólum geta beðið um athugun, greiningu og ráðgjöf vegna barnanna sinna. Einnig geta skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar eða jafnvel annað starfsfólk skólans eða skólaheilsugæslan óskað eftir sérfræðiaðstoð með samþykki og í samráði við foreldra. Þessar beiðnir þurfa að fara í gegnum skólastjóra. Ef foreldrar og skólastjóri telja að barn þurfi sérstaka aðstoð eða þjálfun til að geta notið leikskóla eða grunnskólagöngu sem best eiga þeir

að vinna saman að því hvort ekki sé hægt að leysa málið innan skólans eða hvort leitað skuli til sérfræðipjónustu sveitarfélagsins eða annarra sérfræðinga (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010).

Ef talin er þörf á að gera greiningu á nemenda, skulu þær gerðar í samráði við og með samþykki foreldra barnsins og ber þeim að fá upplýsingar um niðurstöður greininganna. Þegar greining liggur fyrir gerir starfsfólk sérfræðipjónustu sveitarfélagsins tillögu að viðeigandi úrræði með starfsfólki skólans auk þess sem þeir veita kennurum og foreldrum ráðgjöf varðandi viðeigandi stuðning við nemandann (Umboðsmaður barna, 2014).

Þrátt fyrir þessi flokkunarkerfi sem hafa verið talin upp er mikil áhersla á skerðingu barnsins og því má álykta að þau séu læknisfræðilega miðuð. Eins og komið hefur fram hér á undan, er félagslegur skilningur á fötlun lagður til grundvallar bæði í barnafræðum og þeim mannréttindasáttmálum sem fjallað var um. Það má því álykta að enn skorti töluvert á að litið sé til einstaklingsbundinna þarfa barnsins og þeirra hindrana sem það mætir í samfélaginu.

Hér þyrfti félagslega sjónarhornið að koma fram. Félagslega sjónarhornið lítur gagnrýnum augum á það læknisfræðilega og miðast því beina sjónum okkar á hindranirnar í umhverfinu sem eiga stóran þátt í að skapa fötlun. Hver einstaklingur getur orðið jafngildur þátttakandi í samfélaginu og aðrir. Vissulega blandast þessi líkön saman en ekki er hægt að ætlast til þess að fatlaðir einstaklingar aðlagist umhverfinu heldur þarf umhverfið einnig að lagast að þeim.

Þegar börn mælast með frávík í þroska þarf að huga vel að þeim í leikskólanum. Fötluð börn, börn með félagsleg frávík eða önnur frávík þarf að halda vel utan um. Nauðsynlegt getur reynst að skipuleggja námið þeirra í leikskólanum með einstaklingsnámskrá.

## **2.2 Einstaklingsnámskrár leikskólabarna**

Taka þarf sérstaklega tillit til barna með sérþarfa, sérstaklega tillit til í leikskóla vegna fötlunar, þroska frávika eða félagslegra og tilfinningalegra erfiðleika. Hér eru bæði börn sem eiga við langvarandi erfiðleika að etja sem og börn sem ætla megi að geti unnið bug á erfiðleikum sínum eftir íhlutun. Þegar verið er að vinna með íhlutun getur verið gott að vera búin að setja saman einstaklingsnámskrá fyrir barnið og foreldra en þannig verður vinnan oft markvissari og auðveldar hún mat á árangri (Reykjavíkurborg, e.d.-c).

Þegar verið er að setja saman einstaklingsnámskrá fyrir börn er mikilvægt að sjá til þess að íhlutunin sem á að fara fram taki mið af þörfum barnsins og auk þess þarf hún að taka mið

af þeirri námskrá sem skólinn vinnur eftir. Við gerð einstaklingsnámskrárinnar þarf að nýta alla þekkingu um barnið, fá upplýsingar frá foreldrum, niðurstöður frá fagaðilum ef það á við og svo er mikilvægt fyrir þann sem gerir áætlunina að hann þekki barnið. Fagaðilinn kemur svo með tillögu að markmiði sem foreldrar þurfa að samþykkja. Áætlunin þarf bæði að innihalda langtíma- og skammtímamarkmið og hvaða íhlutun mun eiga sér stað og hvar hún fari fram. Mikilvægt er að setja markmiðin skýrt fram svo auðvelt sé að meta og sjá hvort árangur hafið náðst með barninu (Jóna G. Ingólfssdóttir, 2008).

Einnig er talið mikilvægt, þegar verið er að útbúa einstaklingsnámskrá að mynda teymi utan um barnið og fer samsetningin á teyminu alfarið eftir því hverjar þarfir barnsins og fjölskyldunnar eru (Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins, e.d.). Þegar talað er um teymi í kringum barnið er verið að tala um þverfaglegan hóp fólks sem hefur mismunandi þekkingu en ber sameiginlega ábyrgð og vinnur að sömu markmiðum (Ína Rós Jóhannesdóttir, 2010). Teymin hittast svo reglulega og fara yfir stöðu mála og hvernig gengur að vinna að markmiðunum (Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins, e.d.).

### 2.3 Sérhæfðir leikskólar

Þrátt fyrir að stefnan hér á landi sé skóli án aðgreiningar þá kemur það fyrir að sum börn þurfa aðeins meiri þekkingu og stuðning en er í boði í þeirra heimaleikskóla. Foreldrar hafa þá val um að velja hvort barnið þeirra fari í sinn hverfisleikskóla eða hvort þau vilji að barnið fari í annan leikskóla sem er með meiri sérhæfingu í fötlun barnsins. Ef foreldrar velja sérhæfðan leikskóla er í þeim tilvikum hægt að velja um þrjá leikskóla í Reykjavík sem eru sérhæfðir í vinnu með fötluðum börnum. Í þessa leikskóla ganga jafnt fötluð börn sem ófötluð og sjá þessir leikskólar einnig um ráðgjöf til annarra leikskóla (Reykjavíkurborg, e.d.-c).

- Múlaborg hefur sérhæft sig til að starfa með börnum með ýmsar skerðingar og þá helst börn með fjölfötlun og hreyfihömlun. Leikskólinn vinnur markvisst að því að örva mál og tjáningu til dæmis með PCD myndum og tákni með tali.
- Sólborg hefur sérhæft sig til að mæta þörfum barna með skerta heyrn, heyrnarleysi og börnum sé hafa farið í kuðungsígræðslu. Hugmyndafræði leikskólans er að búa börnum með tvítyngi umhverfi þar sem nám fer fram á íslensku og táknmáli. Einnig fá börnin heyrnarþjálfun.
- Suðurborg hefur sérhæft sig til að vinna með einhverfum börnum. Þar er unnið með atferlisþjálfun en einnig er leikskólinn að vinna eftir PBS sem er hugmyndafræði



sem byggist á jákvæðu aga kerfi, en í því fellst að kenna, viðhalda og styrkja æskilega hegðun (Reykjavíkurborg, e.d.-c).

Þó svo að þessir leikskólar séu taldir sem sérhæfðir er ekki verið að aðgreina fötluð börn og ófötluð, þar sem sérstaða þessara leikskóla er einmitt að starfa eftir námi án aðgreiningar og felst starfið í sameiginlegu uppeldi og menntun fatlaðra og ófatlaðra barna enda réttur allra að taka þátt í samfélagi án aðgreiningar. Það að foreldrar velja að setja börnin sín í þessa sérhæfðu leikskóla felst aðallega í sérþekkingunni sem starfsfólk leikskólanna er með og er að nýtast börnunum á sem bestan hátt.

## **2.4 Samantekt**

Það er nokkuð ljóst að öll börn eru misjöfn og ekki er hægt að setja öll börn á sama stall og því þarf að taka tillit til hvers og eins og þau fá að spreyta sig áður en gripið er til aðgerða. Það hefur mikið vatn runnið til sjávar í þróun málefnum fatlaðra einstaklinga en betur má ef duga skal. Við þurfum ekki að fara nema 50 ár aftur í tímann til að sjá hvað við erum komin langt í þessari þróun. Við erum farin að viðurkenna að fötlun er hluti af samfélaginu og það þurfa ekki allir að vera eins. Að vera með leikskóla án aðgreiningar er afar mikilvægt í samfélaginu til að minnka aðgreiningu einstaklinganna. Það getur þó reynst nauðsynlegt að hafa sértæka leikskóla sem búa yfir mikilli þekkingu á fötlun. Það gildir það sama fyrir börn og fullorðan að þau eiga rétt á þeirri bestu þjónustu sem völ er á. Ef leikskólinn í nærumhverfi barnsins hefur ekki að ráða yfir fagmenntaðri manneskju með þekkingu á þeirri fötlun sem barnið hefur en leikskólinn í næsta bæjarfélagi hefur það, getur það reynst nauðsynlegt að sækja í þann gagnagrunn.

### 3 Grunnskólinn

Réttur til menntunar og skólagöngu er eitt af grundvallaratriðum almennra mannréttinda. Að velja heimaskóla til kennslu og þjálfunar er ótvíræður réttur foreldra samkvæmt 37.gr. grunnskólalaga (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Að þessi réttur sé virtur er einsettur vilji Landssamtaka Þroskahjálpar og vilja þau að markvisst sé unnið að “einum skóla fyrir alla” á Íslandi (Þroskahjálpar, e.d.). Í þessum kafla verður farið yfir þá sérfræðipjónustu sem sveitarfélögin bjóða upp á, gerð einstaklingsnámskráa í grunnskólum, frístundaúrræði fyrir fötluð börn og íþróttir.

#### 3.1 Sérfræðipjónusta sveitarfélaganna

Eins og komið hefur fram er meginmarkmið skóla án aðgreiningar að vera með þjónustu fyrir alla nemendur óháð því hvort þeir eru með fötlun eða ekki. Allir skólar eiga að geta sinnt öllum sínum nemendum eins og kostur er og ber þeim að taka á erfiðleikum og sérkennsluþörfum sem eru innan skólans með viðeigandi stuðningi. Ef nemendur eiga erfitt með nám vegna sinna sérþarfa eiga þeir rétt á að fá stuðning við sitt nám. Ef nemandi getur hins vegar ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda á hann rétt á að fá sjúkrakennslu annaðhvort á sjúkrastofnun eða á heimili sínu. Sveitarfélagið sem nemandinn býr í ber ábyrgð á sjúkrakennslunni. Skólum ber því að sinna bæði náms- og félagslegum þörfum nemenda með sérþarfir. Skólar fá greiddar ákveðnar upphæðir með börnum sem búa við alvarlegar fatlanir til að ráðstafa eins og þeir telja best í þágu barnsins. Það fer eftir fötluninni hversu há upphæðin er (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010).

Það kemur fram í 3.grein í reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla (nr.584/2010) og hjá nemendaverndarráði grunnskólanna meðal annars að við framkvæmd á sérfræðipjónustu sveitarfélaganna að þeim beri að leggja áherslu á:

- Að halda úti forvarnarstarfi til að tryggja velferð nemenda.
- Að vera með snemmtækt mat á hvernig staða nemenda er og bjóða upp á ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda. Mikilvægt er einnig að nemendur fái stuðning sem og kennslu við þeirra hæfi án aðgreiningar.
- Að sérfræðipjónustan taki mið af heildarsýn á aðstæðum og hagsmunum nemenda, óháð hver starfsstétt sérfræðinganna er og hver veitir þá þjónustu.

- Að styðja við starfsemi og starfshætti í grunnskólum á fjölbreyttan hátt.
- Að vera með stuðning, ráðgjöf og fræðslu til foreldra.
- Að bjóða upp á tálkaþjónustu til að sjá til þess að upplýsingar komist til skila til foreldra og nemenda.
- Að halda góð tengsl við allt skólastarf með heildarsýn og samfellu að leiðarljósi.

Ef foreldrar eða umsjónaraðilar eru ekki sáttir við þá þjónustu sem barnið er að fá í sínum skóla geta þeir óskað eftir því við umsjónarkennara eða skólastjóra að mál nemandans verði tekið upp hjá nemendaverndarráði skv. 19. gr. reglugerðar 584/2010 (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010).

Ef foreldrar og sérfræðingar skóla meta það þannig að aðstæður nemandans séu að nemandanum sé fyrir bestu að stunda nám í sérskóla hafa foreldrarnir val um að óska eftir að barnið fari í sérskóla tímabundið eða að öllu leyti. Í þessum efnum eru það hagsmunir barnsins sem ráða ferðum. Það er svo fræðsluvið hvers sveitarfélags sem þarf að samþykka skólavistina þar sem skólavist í sérskólum er oft meiri en í skólum sveitarfélagsins. Sérskólar setja kröfur um inngöngu í skólana hjá sér, til dæmis þá gerir Klettaskóli þá kröfu að barnið sé með skilgreinda fötlunargreiningu og ákveðið stig þroskahömlunar. Þeir vilja helst að börn með væga þroskahömlun byrji í almennum skóla fyrstu árin og komið svo yfir til þeirra um það bil í 5. bekk en það er yfirleitt um það leyti sem börn fara að dragast úr félagslega sé eitthvað meira að hamla þeim en bara væg þroskahömlun. En mjög misjafnar skoðanir eru á þessum inngönguskilyrðum (Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, munnleg heimild, 30. apríl 2019).

Reykjavík býður upp á þrjá sérskóla á höfuðborgarsvæðinu en þeir eru:

- Klettaskóli sérskóli á grunnskólastigi sem þjónar öllu landinu. Reykjavíkurborg rekur skólann en flestir sem stunda nám við skólann eru búsettir í Reykjavík og nágretta sveitarfélögum. Í Árbæjarskóla er starfræktur þátttökubekkur frá Klettaskóla. Þátttökubekkur er sérhæft úrræði sem Klettaskóli stýrir en með aðsetur í almennum grunnskóla. Eitt af megin hlutverkum skólans er að veita starfsfólki annarra grunnskóla ráðgjöf og kennslufræðilegan stuðning vegna nemenda sem hafa svipaðar námsþarfir og nemendur í Klettaskóla.
- Brúarskóli er skóli fyrir börn sem eiga í alvarlegum geðrænum-, hegðunar eða félagslegum erfiðleikum. Brúarskóli er starfræktur á fimm starfstöðvum í Reykjavík, í Vesturhlíð, í Brúarseli við Ingunnarskóla, í Brúarhúsum við Húsaskóla, á Dalbraut við BUGL og á Stuðlum (Reykjavíkurborg, e.d.-d).

- Arnarskóli er heildstæð skólaþjónusta fyrir börn með þroskafrávik á grunnskólaaldri. Atferlisíhlutun er notuð við þjálfun og kennslu barnanna. Engin ákveðin greining er nauðsynleg til að nýta sér þjónustuna (Reykjavíkurborg, e.d.-d).

Einnig eru nokkrir skólar á höfuðborgarsvæðinu sem bjóða uppá sérdeildir fyrir einhverfa:

- Sérdeild Fellaskóla í Breiðholti er bæði með atferlisþjálfun og skipulagða kennslu
- Sérdeild Foldaskóla í Grafarvogi starfar eftir skipulagðri kennslu (TEACCH).
- Sérdeild Háaleitisskóla leggur áherslu á fyrirsjáanleika þannig að með hjálp sjónræns stuðnings hafa nemendur yfirsýn yfir dagsskipulag og atburðarás.
- Sérdeild Langholtsskóla starfar eftir skipulagðri kennslu (TEACCH).
- Vogaskóli er með sérdeild fyrir einhverfa (Reykjavíkurborg, e.d.-b).
- Námsver Álfhólsskóla í Kópavogi er með námsver fyrir einhverfa sem er með skipulagða kennslu (TEACCH) (Álfhólsskóli, e.d.).
- Salaskóli í Kópavogi er með sérdeild fyrir börn með einhverfu.
- Námsver Setbergsskóla í Hafnarfirði er með námsver fyrir einhverfa sem er með skipulagða kennslu (TEACCH) (Setbergsskóli, e.d.).

Þrátt fyrir að stefnan hér á landi sé skóli án aðgreiningar þá virðist vanta töluvert upp á að skólinn sé alveg án aðgreiningar. Því enn eru margir skólar sem bjóða upp á sérdeildir innan síns skóla, sérþekki eða námsver þar sem börn sem þurfa meira utanumhald en önnur börn eru tekin úr bekknum til að sinna þeim þörfum. Eflaust í einhverjum tilfellum hentar það barninu betur en þó myndi maður halda að alltof oft væri hægt að vinna töluvert meira með barnið inni í bekknum þar sem barnið fær að vera með sínum skólafélögum. En öll börn eru misjöfn eins og þau eru mörg og stundum þá hentar betur fyrir sum þeirra að fara í sérskóla þar sem sérhæfð þekking er til staðar og verður það þá að vera val hvers foreldris hvort þau vilji sækja um það úrræði eða ekki.

### **3.2 Einstaklingsnámskrá í grunnskólum**

Það getur komið fyrir að nemandi þurfi á sérstökum úrræðum að halda, taka þarf tillit til þarfa nemandans og þegar það er gert þá þarf að skipuleggja kennsluna til samræmis við það.

Samkvæmt 11.gr. í reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla (nr.585/2010) getur sérstakur stuðningur í grunnskóla falið í sér að gera þurfi breytingar á námsmarkmiðum

aðalnámskrár grunnskóla, kennsluaðferðum, námsaðstæðum eða námsgögnum. Sá stuðningur er þá skipulagður til skemmri eða lengri tíma, allt eftir þörfum nemandans. Þá þarf að gera einstaklingsnámskrá fyrir hvern nemanda og á að byggja hana á upplýsingum um aðstæður nemandans og mati og athugun á stöðu hans í þroska og námi. Það skal ávallt endurskoða námskránni reglulega í samstarfi við foreldra í samráði við nemandann svo lengi sem því verður við komið (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010).

Eins og kemur fram hér að ofan er einstaklingsnámskrá gerð þegar nemandi þarf á sérstökum úrræðum að halda og nemandi getur ekki fylgt almennum námsmarkmiðum viðkomandi árgangs eða skólastigs. Einstaklingsnámskrá er formleg áætlun sem nemandi og kennari gera í sameiningu og snýr að ákveðnum markmiðum nemandans í sínu námi og skýrir þær leiðir sem hann ætlar að fara. Áætlunin byggir á markmiðum aðalnámskrár. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla 2008 segir meðal annars um kennslu og kennsluhætti í grunnskólum: Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár. Val á kennsluaðferðum og vinnubrögðum verður að taka mið af þeim markmiðum sem stefnt er að. Vönduð kennsla, sem lagar sig að markmiðum hvers og eins nemandans, eykur líkurnar á árangri. Grunnskólinn á að skila af sér sjálfstæðum nemendum og að þeir hafi öðlast sjálfstraust og öryggi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016).

Þau börn sem eiga rétt á sérkennslu eiga rétt á að unnið sé að markmiðum þeirra með námsskrá. Í námsskránni þarf að taka fram hverskonar úrræði þarfnast til að mæta þörfum barnsins, hvaða aðferðir verða notaðar, hvað á að kenna og hvers vegna. Auk þess þurfa allir þeir sem vinna með barninu að vera í góðu samstarfi, til dæmis hvenær það eigi að fara fram mat á barninu og hvenær sé góður tími til að endurskoða matið. Í námsskránni þarf að koma fram hvaða aðra þjónustu barnið þarf að fá í skólanum eða í tengslum við hann eins og sjúkraþjálfun, akstursþjónusta eða gæsla í útiveru. Það þarf að tilgreina hverskonar aðgerðir eru barninu nauðsynlegar til að það geti tekið þátt í öllu venjubundnu skólastarfi eins og íþróttum, vettvangsferðum, vali og félagsstarfi. Það þarf að koma fram hvernig skólinn ætli að sinna félagstengslum þar sem sum börn eiga erfitt með að skapa félagstengsl sjálf. Skólinn þarf að taka á þessu með skipulögðum hætti og gæta þess að hlúa að nemandanum í samvinnu við fjölskylduna. Markmið með einstaklingnámskrá er almennt að mæta þörfum nemandans (Hildur B. Svavarsdóttir, Sara Björg Ólafsdóttir og Hrunn Logadóttir, 2011). Æskilegt er að í einstaklingsnámskrá komi eftirfarandi atriði fram:

- **Almennar upplýsingar:** nafn nemanda, umsjónarkennara eða annarra kennara sem vinna með nemanda og tengjast því sem unnið er með.
- **Styrkleiki nemanda:** Reynt er að nýta styrkleika nemandans í náminu.
- **Veikleiki nemanda:** Varast er að einblína á veikleika nemandans í náminu.
- **Markmið:** langtíma- og skammtímamarkmið. Langtímamarkmið bútað niður í skammtímamarkmið, en þetta fer allt eftir eðli málsins ef svo má að orði komast.
- **Hvernig skal markmiði náð?** Hvernig ætla ég að fara að þessu? Oft er gott að nota fyrst hugarflæði, velja síðan bestu möguleikana og ákveða síðan nánari útfærslu.
- **Tímamörk sett:** Hvenær skal markmiði náð? Í tengslum við tímamörk þá er betra að ætla sér minna en meira í byrjun, ánægjan vegur þungt þegar séð er fram á að markmiði verði náð. Stundum næst markmið ekki á þeim tíma sem ætlað var en þá er bara að endurskoða og halda áfram þar sem frá var horfið.
- **Mat:** Var markmiði náð eða þarf að vinna betur og/eða öðruvísi til að ná því eða kom jafnvel í ljós að vinna þarf með eitthvað annað hjá nemandanum áður en hægt er að vinna að upphaflega settu markmiði.
- **Undirskrift foreldra:** Ef foreldrar/forráðamenn eru ekki sammála um forgangsröð markmiða eða vilja fá inn önnur markmið sem þeir telja að barninu þeirra sé mikilvægara að ná á undan öðrum markmiðum, eru málin rædd, hugsuð betur, rædd betur og endanleg niðurstaða fengin sem allir geta skrifað undir.
- **Reglulegt samstarf við foreldra:** Foreldrar eru í góðu samstarfi við skólann og hafa samband eða koma fyrir utan boðaða fundi. Fundir eru reglulega yfir skólaárið til að foreldrar séu upplýstir um framgang mála.
- **Fundir:** Fundir eru tímafrekir en margborga sig ef þeir eru markvissir en ekki bara eitthvað spjall. Mikilvægt er að undirbúa sig fyrir fundi, vita hvað við viljum og ætlum að koma á framfæri (Ásta María Hjaltadóttir, 2006).

Hægt er að setja upp einstaklingsnámskrá á ýmsa vegu. Hver og ein námskrá miðast við þann sem þarf á henni að halda. Allar einstaklingsnámskrár eru settar upp þannig að markmið verði raunhæf. Námskráin er sérstök námsáætlun fyrir hvert barn, þar sem unnið er út frá markmiðum hvers og eins. Námskráin er skrifleg um nám og kennslu barnsins. Hún er unnin af þeim sem kenna barninu og er byggð á mati og getu, þörfum og öðrum aðstæðum barnsins. Markmiðin eru sett fram til lengri eða skemmri tíma og kennsluaðferðum sem liggja að markmiðinu er lýst (Hildur B. Svavarsdóttir o.fl., 2011).

### 3.3 Frístundir

Samkvæmt 33.gr. grunnskólalaga eiga öll börn í yngri árgöngum grunnskóla að hafa kost á því að fara í frístund eftir að skólatíma lýkur. Sá vettvangur á að leggja áherslu á val barna, fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi og frjálsan leik. Þegar þjónustan er skipulögð skal taka mið af áhuga, þroska og þörfum hvers og eins (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Það kemur einnig fram í 16. grein í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir að sveitarfélög eigi að bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að þeirra reglubundna skóladegi lýkur auk þeirra daga sem skólinn starfar ekki fyrir utan lögbundnu frídaganna. Þessi þjónusta skal vera einstaklingsmiðuð og þannig unnin að hún henti sem best viðkomandi barni. Þjónustan skal að jafnaði taka mið af metnum stuðningsþörfum og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns og ungmennis (Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018). Flest bæjarfélög innan höfuðborgarsvæðisins bjóða upp á sértæk eftir skóla frístundaúrræði fyrir fötluð börn.

#### Reykjavík:

- Frístundamiðstöðin Kringlumýri er þekkingarmiðstöð í málefnum barna og unglunga með fötlun. Hún sér um utanumhald við öll börn sem þurfa sértækan stuðning vegna fötlunar og/eða þroskafrávika á almennum frístundaheimilum í borginni.
- Gulahlíð er frístundaheimili fyrir 6-9 ára gömul skert börn sem stunda alnennan grunnskóla.

Félagsmiðstöðvar fyrir 10-16 ára fötluð börn:

- Höllin er fyrir börn og unglunga í Grafarvogi
- Hellirinn er fyrir börn og unglunga í Breiðholti, Grafarholti, Árbæ og Norðlingaholti.
- Hofið er fyrir börn og unglunga sem búa vestan Elliðaáa.

Börn sem eru í Klettaskóla og Brúarskóla sækja frístundaheimili og félagsmiðstöðvar við sína skóla:

- Askja er fyrir börn sem eru í Klettaskóla

Félagsstarf fyrir fólk á aldrinum 16-40 ára er rekið í Hinu húsinu:

- Ung Topp er félagsstarf fyrir fólk á aldrinum 16-25 ára og er það skipulagt af þátttakendum í starfinu.
- Tipp topp er félagsstarf fyrir fólk á aldrinum 16-40 ára (Reykjavíkurborg, e.d.-a).

### **Kópavogur:**

- Hrafninn er frístundastarf fyrir börn og unglunga með sérþarfir í 5. – 10. bekk. Einnig er boðið upp á sumarstarf fyrir börn með sérþarfir frá 7 til 15 ára. Svo hafa börn kost á því að fá fylgdarmann með sér á öll sumarnámskeið sem eru í boði í Kópavogi (Kópavogsbær, 2019).

### **Hafnarfjörður:**

- Kletturinn er frístundaklúbbur sem býður upp á fjölbreytt tómsundastarf fyrir börn og unglunga með fötlun í 5.-10.bekki eftir að hefðbundnum skólatíma lýkur.
- Vinaskjól er frístund fyrir framhaldskólanema frá aldri 16-20 ára og er staðsett á 3 hæð Suðurgötu 14 og er hugsað sem dvöl eftir skóla lýkur. Þjónustunotendur vinaskjól koma ekki einungis frá Hafnarfirði heldur einnig frá Kópavogi, Garðabæ og Mosfellsbæ.
- Verkherinn er atvinnutengt frístundaúrræði í Hafnarfirði fyrir fötluð ungmenni og er aðeins starfandi yfir sumartímann á virkum dögum frá kl. 8-17. Ungmennin starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum innan Hafnarbæjar með leiðbeinanda sem er þeim til halds og trausts við vinnuna (Hafnarfjörður, e.d.).

Þrátt fyrir að með þeim sérúrræðum sem fjallað var um hér að framan sé verið að tryggja rétt fatlaðra barna til frístunda má líka gagnrýna slík úrræði. Í því samhengi má spyrja af hverju þurfi slík úrræði eftir skóla fyrir fötluð börn, ætti skólinn ekki í rauninni að halda áfram að þjónusta börnin í þeirra grunnskóla rétt eins og önnur börn skólans? Skólinn á að vera án aðgreiningar og frístundastarf er á vegum grunnskólans og því myndum við vilja sjá að öll börn hafi rétt á að vera í sinni frístund eftir skóla þar sem þau geta verið hluti af skólasamfélaginu án aðgreiningar hvort sem um ræðir frístundastarf eða íþróttir.

## **3.4 Íþróttir**

Landlæknisembættið gefur það út að dagleg hreyfing er nauðsynleg fyrir börn á öllum aldri svo vaxi og dafni og þroskist eðlilega. Dagleg hreyfing er sameiginlegur leikur sem stuðlar að tækifæri til að þjálfa ýmsa færni eins og hreyfifærni, félagsfærni, eykur sjálfstraust og eignast vini. Börn eiga að gera það sem þeim finnst skemmtilegast að gera og eiga að fá jöfn tækifæri



til að til að stunda þá hreyfingu sem þeim líkar. Mikilvægt er að farið sé eftir getu hvers og eins og ekki má steypa öll börn í sama mótið (Landlæknisembættið, 2015). Í 31. grein Barnasáttmálans segir að öll börn hafi rétt til tómstunda og rétt til hvíldar. Börn hafa rétt á að sækja sér skemmtanir og leika sér við það sem hæfir þeirra aldri. Það kemur einnig fram í Barnasáttmálanum að það eigi að virða rétt þeirra til frjálsrar þátttöku í menningar- og listalífi og að öll börn eiga að fá sömu tækifærin til að geta stundað listir, menningu og tómstundir (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992).

Sum börn þurfa mikla hvatningu til að hreyfa sig og þá er mikilvægt að veita þeim þá hvatningu. Svo eru börn sem upplifa sig vanmáttug þegar kemur að því að hreyfa sig og þá sér í lagi börn með skertan hreyfiþroska eða þroskafrávik og getur það dregið úr þeirra löngun við að hreyfa sig. Mikilvægt er að fylgjast með því og grípa inn í þær aðstæður til að barnið upplifi að hreyfing sé jákvæð upplifun sem allra fyrst og auka þannig líkur á að barnið hafi vilji hreyfa sig og efla bæði getu og færni til framtíðar (Landlæknisembættið, 2015).

Á höfuðborgarsvæðinu eru ýmsir æfinga valkostir í boði fyrir fötluð börn og ungmenni:

- Æfingastöðin er fyrir börn og ungmenni sem þurfa á iðju- og sjúkrahjálfun að halda. Sú þjónustan sem er veitt á Æfingastöðinni er fyrir öll börn og ungmenni sem þurfa stuðning til að bæta færni sína í leik og starfi svo þau geti dafnað, þroskast og notið lífsins á við alla aðra. Til þess að komast að á Æfingastöðinni þarf að hafa beiðni frá lækni. En ef börn eru yngri en 2ja ára og/eða með umönnunarkort er gerð undantekning og geta þau fengið 6 skipti án þess að vera með beiðni.
- Íþróttafélagið Ösp er íþróttafélag án aðgreiningar og er hægt að æfa átta íþróttagreinar hjá félaginu, þær eru: sund, keila, frjálsar íþróttir, boccia, fótbolli, lyftingar, þrekþjálfun, nútíma fimleikar og áhaldafimleikar í samstarfi við Gerplu.
- Tennisnámskeið fyrir börn með sérþarfir hjá Tennishöllinni í Kópavogi. Gert er ráð fyrir að hvert barn sem þarf á liðveislu að halda sé með liðveislu eða foreldra eða forráðamann með sér.
- Hestamannafélagið Hörður er með reiðnámskeið fyrir fötluð börn.
- Taekwondo hjá Mudo Gym fyrir börn með einhverfu þar sem unnið er með líkamsvitund, samskipti, skynjun og að sjálfsögðu Taekwondo tæknina.
- Ekki gefast upp er líkamsrækt fyrir 13-17 ára ungmenni sem eiga við andlega vanlíðan að stríða.

- Júðódeild ÍR hefur verið mælt með af ADHD samtökunum en Björn H. Halldórsson þjálfari hefur verið að reynast börnum með sérþarfir mjög vel
- Fimleikadeild Gerplu er með hópa í nútímafimleikum fyrir börn með fatlanir.
- Fjörður Íþróttafélag býður börnum upp á sundnámskeið og boccia.
- Íþróttafélag fatlaðra eru með boccia, borðtennis, bogfimi, lyftingar, sund, frjálsar og íþróttaskóla.
- Íþróttasamband fatlaðra er með boccia, bogfimi, borðtennis, frjálsar, knattspyrnu, lyftingar, sund, skíði og skauta (Æfingastöðin, e.d.).

Eins og sjá má á umfjöllun hér að framan vantar töluvert uppá að fötluð börn hafi sömu tækifæri til íþróttaiðkunar og ófötluð börn. En það sem er í boði fyrir fötluðu börnin einblínir oft á að þau séu aðgreind frá öðrum börnum, þó svo að það kannski henti sumum börnum og þau kjósa það frekar þá er það alls ekki alltaf staðreyndin. Samfélagsþátttaka er réttur barnsins samkvæmt mannréttindasáttmálum og lögum og er því mikilvægt að íþróttafélögin séu meðvituð um þennan rétt barnsins og geri átak í að bjóða öll börn velkomin óháð líkamlegu eða andlegu gervi.

### 3.5 Samantekt

Að velja heimaskóla til kennslu og þjálfunar er ótvíræður réttur foreldra samkvæmt 37.gr. grunnskólalaga. Eins og komið hefur fram er meginmarkmið skóla án aðgreiningar að vera með þjónustu fyrir alla nemendur óháð því hvort þeir eru með fötlun eða ekki. Allir skólar eiga að geta sinnt öllum sínum nemendum eins og kostur er og ber þeim að taka á erfiðleikum og sérkennsluþörfum sem eru innan skólans með viðeigandi stuðningi. Ef nemendur eiga erfitt með nám vegna sinna sérþarfa eiga þeir rétt á að fá stuðning við sitt nám. Ef nemandi getur hins vegar ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda á hann rétt á að fá sjúkrakennslu annaðhvort á sjúkrastofnun eða á heimili sínu. Sé einstaklingur með meiri þjónustubörf en annar þá þarf að nýta ýmis úrræði og gera einstaklingsnámskrá.

Einstaklingsnámskrá er afar gott verkfæri sé það notað rétt og nýtt að fullu. Það aðstoðar einstaklinginn við að vera inn í skólanum án aðgreiningar. Þó svo að meginmarkmið skóla án aðgreiningar sé að vera með þjónustu fyrir alla nemendur óháð því hvort hann sé með fötlun eða ekki virðist vera að enn sé ekki komin nægileg reynsla innan skólakerfisins til að hægt sé að segja að skóli án aðgreiningar sé raunin. Eftir skóla hafa börn rétt á að sækja frístund. Í 33. gr. grunnskólalaga eiga öll börn í yngri árgöngum kost á að fara í frístund eftir að skóla lýkur.

Til eru sér úrræði í Reykjavík sem bjóða upp á frístundarræði. Í raun ættu allir að geta farið inn í frístund innan síns hverfis. Þar komum við aftur að því að umhverfið fatlar einstaklinginn og þarf frístundarræðið að mæta nemandanum þar sem hann er í stað þess að þurfa að senda þá annað.

## 4 Samantekt og lokaorð

Í upphafi greinargerðarinnar var markmiðið okkar að foreldrar fatlaðra barna hafi einn stað sem þau geti leitað á til að afla sér upplýsinga um réttindi barna sinna og fjölskyldunnar. Þegar við fórum að greina skólastigin hvert af öðru virtist koma flækjustig varðandi sum málefni. Innan leikskólans virtist vera formfastara tekið á málum eins og snemmtækri íhlutun og einstaklingsnámskrá en í skólum virtist þolið vera meira áður en gerðar voru einstaklingsnámskrár fyrir einstaklingana. Ekki fundust nægilegar heimildir fyrir því í leikskólum hvenær snemmtæk íhlutun yrði gerð og virðist það vera mat fagmanna hverju sinni. Í raun er það ekki slæmt en þegar ekki er hægt að festa fingur á það hvenær hlutirnir eru gerðir er hætt við að þetta verði huglægt mat. Gæta þarf þess þó að leyfa barninu að þróast og þroskast og ekki vera með inn grip of snemma. Barnið þarf að fá að njóta vafans í einhvern tíma áður en inn grip verður en þó er saklaust að byrja á að vera með þroskandi umhverfi innan leikskólans og ýta frekar undir þá leiki sem þroska skynfæri barnanna. Þannig má fylgjast betur með þroskaframvindu barnsins.

Sama má segja um skólann hvað varðar inn grip. Heldur fundust ekki nægilegar heimildir til að vinna út frá til að átta sig á hvenær skólinn grípur inni. Líklegt þykir að skólinn sé með þrengri tímaramma því þeir þurfa að fara eftir skólanámskrá en eins virtist þetta huglægt mat hvenær yrðu gerðar áætlanir fyrir börnin sem þurftu á aðstoð að halda. Samt sem áður er enn verið að setja börn í sérdeildir innan skólans eða börnin eru tekin úr venjulegri kennslustund til að fara í sérkennslu. Það stangast á við þá hugmyndafræði „án aðgreiningar“ því ósjálfrátt er búið að draga börnin í dilka með því að setja þau í sérdeildir innan skólans sem og að það hafi annað námsefni en aðrir samnemendur. Með þessu er átt við að allir nemendur eigi að hafa jöfn tækifæri til náms og eigi að hafa þann kost að velja sér nálgun og viðfangsefni í sínu nám eða með öðrum orðum þá eiga allir rétt á námi í skóla án aðgreiningar. Að fá þessa sérþjónustu getur líka verið af hinu góða fyrir einstaklinginn og líka nauðsynlegt því þannig eru auknar líkur á að barnið nái þroska á við sína jafnaldra og verði betri samfélagsþegnar. Það þarf enn að leita leiða til að mæta einstaklingnum innan skólakerfis án þess að eyrnamerkja hann og gera hann öðruvísi en aðra nemendur skólans.

Ljóst er að það þarf alltaf að vera til sér úrræði fyrir fötluð börn því stundum er fötlunin þess eðlis að hún þarfnist sérþekkingar sem jafnvel fæst aðeins í sér úrræðum eins og sérskólum á við Klettaskóla, Arnaskóla og Brúarskóla. Þessi þekking sem kemur með sérmenntun einstaklinga er afar dýrmæt og sjálfsagt að fötluð börn njóti þeirra þekkingar sem

þar er að finna. Það er ekki síður lífsgæði í því en að fá að vera í sama skóla og ófatlaðir einstaklingar.

Þegar farið var að skoða ofan í kjölinn þann rétt sem börnin hafa eftir skólatíma hvað varðar frístund þá kom það einnig á óvart að sá stuðningur sem fötluð börn eiga var ekki alltaf í hverfisskólanum sjálfum. Af hverju er verið að senda börnin annað? Markmið með skóla án aðgreiningar er að breyta hugarfari um mismunun, gera umhverfið móttækilegt þannig að það taki opnum örmum á móti fötluðum einstaklingum, gera þjóðfélag án aðgreiningar og sjá til þess að allir fái menntun. Erum við að ná því? Enn erum við svolítið að draga lappirnar hvað þetta varðar. Það er eins og við getum ekki brotið niður þessa múra sem standa á milli fatlaðra einstaklinga og ófatlaðra.

Eftir sem áður var það fróðlegt að fræðast um þann rétt sem börnin eiga í stuðning bæði í skóla og leikskóla. Áherslurnar voru ekki svo ósvipaðar í fyrstu en svo kom í ljós að skólinn virðist vera með mun fastmótaðari ramma hvað varðar stuðningsbörn og mun minna þol en leikskólarnir í stuðningsúrræðum. Það þarf lengri leið til að fá þann stuðning sem barnið þarf innan leikskólans en skólans. Af hverju sá munur er, vitum við ekki.

Þrátt fyrir að rödd barnanna hafi ekki verið tekin gild fyrir en þegar Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kom út þá örlar enn á því að börnin hafi ekki það val sem þau ættu að hafa. Börnin á leikskólanum fá ekki alltaf að velja hvort það fer út að leika eða ekki. Þeim er einfaldlega bara skellt í föt og sett út. Að einhverju leyti má segja að ekki sé mannskapur til að sinna einu barni inni þegar allir fara út en það þarf þá bara að gera hliðrun. Það á ekki að steypa alla í sama mót og ætlast til að það syndi allir með straumnum.

Eins er þetta með börnin í skólanum. Þau hafa ekki val hvort þau læri þetta eða eitthvað annað. Bókunum er skellt á borðið og þau beðin um að skila ritgerð eða verkefni á ákveðnum tíma. Það sama gildir um fatlaða einstaklinga sem og ófatlaða, það eru ekki allir tilbúnir þegar þú segir „byrja“. Þetta samfélag sem við búum í er ekki svo einfalt. Þegar skóla sleppir þá er börnum hent út á vinnumarkað og þar er heldur ekkert sérlega mikið val. Það þarf að stíla inn á klukkur eða annan fyrir fram ákveðinn tíma og þar við situr. Þegar upp er staðið þá höfum við lítið val á því hvernig lífið snýst. Við snúumst með lífinu.

## Heimildaskrá

Álfhólsskóli. (e.d.). *Einhverfudeild*. Sótt 01.01.2019 af

<http://alfholsskoli.is/thjonusta/einhverfudeild/>

Ásta María Hjaltadóttir. (2006). *Einstaklingsnámskrár og samvinna sérkennara og annarra kennara*. Sótt 01.01.2019 af

<https://notendur.hi.is/ingvars/namskeid/Austurland/EinstaklingsnamskrarAsta.ppt>

Barnalög nr. 76/2003.

barnasattmali.is. (e.d.). *Um Barnasáttmálann*. Sótt 01.01.2019 af

<https://barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>

Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Atli Harðarson. (2016). *Skóli margbreytileikans : menntun og manngildi í kjölfar Salamanca*. Reykjavík Háskólaútgáfan.

Einhverfusamtökin. (e.d.). *Skólakerfið*. Sótt 01.01.2019 af

<https://www.einhverfa.is/is/rettindi/skolakerfid>

Evrópumiðstöð. (2017). *Menntun fyrir alla á Íslandi: Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti Sótt

10.03.2019 af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=cca962f5-be4f-11e7-9420-005056bc530c>

Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins. (e.d.). *Viðmið um þjónustu við börn með þroskahömlun í grunnskólum*. Sótt 10.03.2019 af

<https://www.greining.is/is/moya/page/vidmid-um-thjonustu-vid-born-med-throskahomlun-i-grunnskolum>

Hafnarfjörður. (e.d.). *Fristundaheimilin*. Sótt 10.03.2019 af

<https://www.hafnarfjordur.is/ibuar/skolar-og-born/fristundaheimili/fristundaheimilin/>

Hildur B. Svavarsdóttir, Sara Björg Ólafsdóttir og Hrund Logadóttir. (2011). *Framkvæmd sérkennslu í almennum grunnskólum*. Reykjavík: Menntasvið. Sótt 20.02.2019 af

[https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulysingar/Framkv\\_md\\_s\\_rkennslu\\_2010.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Framkv_md_s_rkennslu_2010.pdf)

Hrönn Björnsdóttir. (2008). *Stuðningur við fjölskyldur – fjölskyldumiðuð þjónusta*. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna Guðbjörg Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi

- Sigurðsson (Ritstj.), *Þroskahömlun barna : orsakir - eðli - ihlutun* (bls. 140-145). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ína Rós Jóhannesdóttir. (2010). Að stofna og tilheyra þverfaglegu teymi. *Tímarit hjúkrunarfrævinga*, 86(5), 52-53. Sótt 10.03.2019 af <https://www.hjukrun.is/library/Skrar/Timarit/Timarit-2010/5.-tbl-2010/A%F0%20st%20ofna%20og%20tilhe%20yra.pdf>
- James, A. og Prout, A. (1990). *Constructing and reconstructing childhood : contemporary issues in the sociological study of childhood*. London ; New York: Falmer Press.
- Jóna G. Ingólfssdóttir. (2008). Íhlutun fyrstu árin. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna Guðbjörg Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (Ritstj.), *Þroskahömlun barna : orsakir - eðli - ihlutun* (bls. 126-133). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kópavogsbær. (2016). *Skóli fyrir alla*. Kópavogur: Menntasvið Kópavogs. Sótt 10.03.2019 af <https://www.kopavogur.is/static/files/Menntasvid/skolifyriralla14februar.pdf>
- Kópavogsbær. (2019). *Fristundaklubburinn Hrafninn*. Sótt 10.04.2019 af <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/daggaesla-og-skolar/fristundir/fristundaklubburinn-hrafninn>
- Landlæknisembættið. (2015). *Hreyfing og börn 6-12 ára*. Sótt 10.03.2019 af <https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/hreyfing/born/>
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992.
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015). *Mat á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar: Skýrsla starfshóps*. Sótt 23.01.2019 af [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir2015/skyysla\\_starfshoops\\_um\\_mat\\_a\\_menntastefnu\\_loka.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir2015/skyysla_starfshoops_um_mat_a_menntastefnu_loka.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2016). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík. Sótt 01.01.19 af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.). *Námskrár*. Sótt 01.03.2019 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/>
- Punch, S. (2016). *Cross-world and cross-disciplinary dialogue: A more integrated, global approach to childhood studies* (6 bindi). Sótt 22.03.2019 af <https://journals.sagepub.com/doi/full/10.1177/2043610616665033>
- Rannveig Traustadóttir. (2007). *Líf fatlaðra barna og ungmenna: Ný rannsókn, ný sjónarhorn*. Í Gunnar Þór Jóhannesson (Ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum VIII: félagsvísindadeild*. Sótt 10.02.2019 af [http://www.fotlunarfraedi.hi.is/files/Tsp\\_2007\\_grein\\_Rannveig%20Trausta.pdf](http://www.fotlunarfraedi.hi.is/files/Tsp_2007_grein_Rannveig%20Trausta.pdf)
- Rannveig Traustadóttir. (2009). *Disabled children and youth: Negotiating a place in today's societies*. Óbirt rannsóknargögn, Háskóli Íslands: Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum, Reykjavík.
- Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.
- Reykjavíkurborg. (2011). *Reglur við úthlutun á stuðningstímum til barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg*. Sótt 10.02.2019 af [https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulysingar/Reglur\\_vegna\\_thlutunar\\_a\\_studningstimum2\\_0.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Reglur_vegna_thlutunar_a_studningstimum2_0.pdf)
- Reykjavíkurborg. (e.d.-a). *Fristundastarf fatlaðs fólks*. Sótt 11.02.2019 af <https://reykjavik.is/thjonusta/fristundastarf-fatlads-folks>
- Reykjavíkurborg. (e.d.-b). *Sérkennsla*. Sótt 11.02.2019 af <https://reykjavik.is/thjonusta/serkennsla>
- Reykjavíkurborg. (e.d.-c). *Sérkennsla í leikskólum*. Sótt 11.02.2019 af <https://reykjavik.is/thjonusta/serkennsla-i-leikskolum>
- Reykjavíkurborg. (e.d.-d). *Sérskólar*. Sótt 11.02.2019 af <https://reykjavik.is/thjonusta/serskolar>
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks nr. 61/2016.
- Setbergsskóli. (e.d.). *Berg – sérdeild fyrir nemendur á einhverfurófi*. Sótt 11.02.2019 af <http://www.setbergsskoli.is/stodkerfi/berg---namsver-fyrir-einhverfa/>
- Smyth, C. (2014). *European asylum law and the rights of the child*. Milton Park, Abingdon, Oxon ; New York, NY: Routledge.



Tisdall, E. K. og Punch, S. (2012). *Not so 'new'? Looking critically at childhood studies* (10 bindi).

Tryggvi Sigurðsson. (2003). Snemmtæk íhlutun: markmið og leiðir. Sótt 22.02.2019 af <https://www.greining.is/static/files/banner/Snemmtaek%20ihlutun.pdf>

Umboðsmaður barna. (2014). *Leikskóli*. Sótt 22.02.2019 af <https://barn.is/malaflokkar/leikskoli/>

Þroskahjálp. (e.d.). *Allir eiga rétt á menntun við hæfi og án aðgreiningar*. Sótt 22.01.2019 af <https://www.throskahjalp.is/is/moya/page/allir-eiga-rett-a-menntun-vid-haefi-og-an-adgreiningar>

Æfingastöðin. (e.d.). *Tómstundaúrræði*. Sótt 22.04.2019 af <http://www.slf.is/is/aevingastodin/fraedsluefni/tomstundaorraedi>

## **Handbók - Fötluð börn, hver er réttur þeirra?**

1. Inngangur
2. Leikskólinn
  - 2.1 Stuðningur í leikskólum
    - 2.1.1 Hvaða börn eiga rétt á stuðning í leikskóla?
    - 2.1.2 Hversu miklum stuðning eiga börnin rétt á?
    - 2.1.3. Hvernig og hver sækir um þessa þjónustu?
  - 2.2 Einstaklingsnámskrá
  - 2.3 Snemmtæk íhlutun
  - 2.4 Sérhæfðir leikskólar
  - 2.5 Aðgengi í leikskólum
3. Skólinn
  - 3.1 Stuðningur í skóla
  - 3.2 Einstaklingsnámskrá
  - 3.3 Tómsundur og frístundur
  - 3.4 Frístundaþjónusta
  - 3.5 Hreyfing, útivera og íþróttir
4. Heimildaskrá